

Stjórnarfundur 14. apríl 2025, kl. 16:30 í Sigtúni.

Mætt eru: Bergþóra, Ingólfur, Kristín, Telma og Sigrún

Varaformaður setur fundinn.

Rætt er um skipulag aðalfundar og að ná þurfi inn nýju fólki í stjórn. Farið er yfir starfsárið og þau verkefni sem stjórnarmenn hafa haft á sínum snærum síðasta ár. Einnig farið yfir hvað félagið hefur boðið upp á á árinu. Rætt er um þær veitingar sem verður boðið upp á aðalfundi og ætlar Kristín Margrét að taka að sér að panta.

Telma og Bergþóra fara yfir þær umsóknir sem hafa borist vegna starfs á skrifstofu félagsins sem var auglýst á Alfreð. Ríflega 40 umsóknir bárust og hefur nokkrum verið boðið í videoviðtal og er farið yfir nokkur þeirra með stjórn. Ákveðið er að boða þrjá aðila í viðtal sem Telma og Bergþóra munu taka í lok apríl og byrjun maí.

Stjórn verður svo upplýst um niðurstöður þeirra funda.

Fundi slitið kl. 18:03.